

Meistaránám í eftirtöldum iðngreinum samanstendur af almennum greinum og stjórnunar-/rekstrargreinum:

	<i>Almennt bóknám</i>	<i>Stjórnun/rekstur</i>
Gull- og silfursmíði (MGS)	10 ein.	16 ein.
Ljósmyndun (MAL)	10 ein.	16 ein.
Netagerð (MNG)	10 ein.	16 ein.
Rafveituvirkjun (MRF)	10 ein.	16 ein.
Símsmíði (MSS)	10 ein.	16 ein.
Tannsmíði (MTA)	10 ein.	16 ein.
Úrsmíði (MÚR)	10 ein.	16 ein.

Nótur:

- ¹ Norska eða sænska.
- ² Áfanginn TEH er sameiginlegur húsasmíði og húsgagnasmíði og er undanfari THG 203.
- ³ Námskráin er í endurskoðun.
- ⁴ Velja skal að lágmarki 27 ein. af þessum lista. Einn áfanginn í það minnsta skal hafa hliðfara (203 og 213) og skulu verkefni í seinni áfanganum leyst a.m.k. að hálfu leyti með tölvuteikningum.
- ⁵ Nemendur velja annað hvort TIG 132 eða RSU 202.
- ⁶ Sjá neðanmálgrein 2.
- ⁷ Séráfangi í ensku settur inn að kröfu Alþjóða siglingastofnunarinnar (IMO).
- ⁸ Nemendur velja annað hvort HEA eða KON.
- ⁹ Áfangalisti sérgreina telur 39 ein. samtals. Þar af skal nemandi að lágmarki ljúka 33 ein. en getur auk þess tekið valgrein af þessum lista.
- ¹⁰ Við lok meistaraprófs skulu nemendur hafa lokið a.m.k. 13 ein. samtals í ensku og dönsku á framhaldsskólastigi.

5. ágúst 2004

Nr. 662

AUGLÝSING

um tillögu að deiliskipulagi 5 frístundahúsa auk annarra húsa s.s. íbúðarhúss, gistiheimilis og vélageymslu, að Lambafelli, Austur-Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra, þann 11. mars 2004, deiliskipulag að Lambafelli, Austur-Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 5. ágúst 2004.

F. h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Rúnar Guðmundsson, byggingarfulltrúi.